

LANDSSAMTÖK ÍSLENSKRA STÚDENTA

LÍS

Stefna LÍS um samstarf stúdenta og starfsfólks háskóla

Samstarfsstefna Landssamtaka Íslenskra Stúdenta
Um samstarf stúdenta og starfsfólks háskóla

1. útgáfa samþykkt á Landsþingi LÍS á Bifröst
6. mars 2021

Landssamtök Íslenskra Stúdenta
Borgartún 6, 105 Reykjavík

lis@studentar.is

studentar.is

Inngangur

Aðkoma stúdenta að innra starfi háskóla er óneitanlega mikilvæg til þess að tryggja gæði námsins. Það að gefa sjónarmiðum stúdenta hljómgrunn skiptir máli, ekki einungis námsins vegna, heldur hefur gott samstarf stúdenta við háskólana mjög víðtæk áhrif á allt innra og ytra starf háskólanna. Með markvissri stefnu um samstarf er lagður grunnur að bættum náms- og starfsaðstæðum innan íslenskra háskóla, víðsýnna námssamfélagi, betri skilningi á hagsmunum stúdenta og starfsfólks. Einnig eru tengsl og samskipti á milli þeirra bætt. Stefna þessi um samstarf stúdenta og starfsfólks háskóla á Íslandi er byggð á þeirri hugmynd að stuðla skal að traustu samstarfi og árangursríkum samskiptum háskólanna og stúdenta við þróun og eflingu kennslu og náms. Stúdentar eru töluverður meirihluti innan háskóla, þeirra sjónarmið skipta máli og skulu stúdentar eiga þann kost að hafa áhrif á það nám sem þau stunda sem og innra starf háskólans.

Stefna þessi er byggð á samstarfs samningi¹ Trinity College Dublin og stúdentaráði TCD og samstarfsstefnu² Bristol háskóla og stúdenta. Stefnan sjálf hefur átt langan aðdraganda innan LÍS en starfsárið 2020-2021 var sett áætlun í gang um að skoða leiðir til að bæta samstarf og samskipti stúdenta og starfsfólks. Haustið 2020 var könnun send út til allra stúdenta og starfsfólks innan háskólanna til að kanna viðhorf þeirra til nefndarstarfa og ráða innan háskólans ásamt því að kortleggja hlutverk studentafulltrúa. Við gerð stefnunnar voru niðurstöður könnunarinnar hafðar að leiðarljósi en einnig var haft samráð við Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs íslenskra háskóla, stúdenta sem tóku þátt í málstofum og vinnuþingum á vegum LÍS.

Markmið stefnunnar er að leggja grundvöll fyrir frekara samstarfi á milli stúdenta og starfsfólks háskólanna. Hægt er að nýta þessa stefnu til mótunar á samstarfssamningi í hverjum og einum háskóla. Í stefnu þessari verður talað um stúdentar sem þau sem stunda nám í háskóla. Störf innan háskóla eru fjölbreytt og koma mismikið að kennslu, rannsóknum, skipulagi, stjórnun og innra starfi háskóla og í þessari stefnu er talað um starfsfólk sem öll þau sem starfa í háskóla. Stúdentafélög eru félög sem rekin eru af

¹ https://www.researchgate.net/publication/316841956_Student_Partnership_Agreement_Policy

² <http://www.bristol.ac.uk/media-library/sites/academic-quality/migrated/documents/stupartvision.pdf>

stúdentum sem snúa ýmist að hagsmunum og/eða félagslífi stúdenta. Þegar fjallað er um nefndir og ráð hér eftir verður notast við nefnd sem samheiti.

Samstarf

Gott samstarf leiðir til trausts á milli samstarfsaðila og gagnast öllum þeim sem taka þátt í samstarfinu. Stúdentar og starfsfólk eru óneitanlega ólíkir hópar og geta haft fjölbreyttar áherslur og skoðanir en hagsmunir háskólans eru einnig hagsmunir beggja hópa. Stúdentar eru fjölbreyttur hópur og þarfir þeirra eru því augljóslega misjafnar en hagsmunir stúdenta eru í húfi í öllum ákvörðunum sem teknar eru innan háskólans og því er mikilvægt að þeir séu kallaðir til samstarfs.

Hagsmunabarátta stúdenta hefur ítrekað leitt í ljós að stúdentar hafa skoðun á málefnum innan háskólanna sem og utan. Með því að bjóða stúdentum að sitja við sama borð er hægt að byggja upp samstarf sem er byggt á gagnkvæmri virðingu og trausti. Óbein áhrif samstarfsins geta verið margþætt og stúdentum og starfsfólki háskólanna til hagsbóta.

Til þess að tryggja raunverulegar leiðir til samstarfs og eflingar milli stúdenta og starfsfólks, skal skapa öruggt og opið náms- og starfsumhverfi fyrir báða hagaðila. Stúdentum skal alltaf vera boðið að taka þátt í ákvarðanatöku frá upphafi í þeim ákvörðunum sem snertir stúdenta, beint eða óbeint. Þá skulu fulltrúar stúdenta hafa atkvæðisrétt í allri ákvarðanatöku háskólanna er varða málefni þeirra.

Háskólar skulu að auki stuðla að því að stúdentar séu virkir þátttakendur í eigin námi og vel upplýstir um starfsemi háskólans. Þeir skulu leggja áherslu á þátttöku stúdenta við gerð áætlana er varða nám og kennslu. Háskólar og stúdentafélög skulu leggja reglulegt mat á verkferlum um samstarf við stúdenta.

Samstarf í nefndum og ráðum

Nefndir innan háskóla eru margar, gegna mikilvægum tilgangi og er ýmist stjórnað í gegnum stjórnáætlun háskóla eða af stúdentafélögum. Þátttaka stúdenta í nefndarstörfum og ráðum er mikilvæg viðbót fyrir háskóla þar sem að stúdentar eru fullgildir meðlimir

háskólasamfélagsins. Stúdentar hafa fjölbreytta reynslu og sjónarmið sem nýtast við alla ákvörðunartöku í háskólum. Í gegnum nefndarsetu fá stúdentar ávinning með því óformlega námi sem á sér stað. Nefndarseta veitir stúdentum jafnframt mikilvæga færni og reynslu sem getur þjónað þeim áfram eftir að tíma þeirra í háskólanum er lokið. Ýmsar nefndir eru einungis skipaðar af stúdentum meðan aðrar hafa föst eða engin sæti fyrir fulltrúa stúdenta. Það er sameiginleg ábyrgð háskólans og stúdentafélaga að tryggja að sæti stúdenta í nefndum sé fyllt. Í öllu starfi skal gæta jafnræðis. Með nefndum og ráðum er meðal annars verið að tala um háskólaráð, stjórn sviða, gæðanefnd, umhverfisnefnd, jafnréttisnefnd og siðanefnd. Þessi upptalning er þó ekki tæmandi og er enn og aftur ítrekað að stúdentar eiga að fá fulltrúa í allar nefndir sem gætu snert málefni stúdenta.

Leiðir að samstarfi í nefndum og ráðum:

- Tryggja skal með öllum mögulegum leiðum að a.m.k. einn fulltrúi stúdenta sitji í nefndum og ráðum á vegum háskólans sem tengjast hagsmunamálum stúdenta
- Það er sameiginleg ábyrgð stúdentafélaga og háskóla að finna stúdentafulltrúa á fundi, nefndir og ráð
- Stúdentum skal boðið að taka virkan þátt í stefnumótun háskólans
- Öllum nýjum nefndarmeðlimum skal vera gefin viðeigandi leiðsögn og fræðsla um markmið og störf nefndarinnar

Samstarf í gegnum stúdentafélög

Í öllum háskólum Íslands eru stúdentafélög sem ýmist sinna hagsmunagæslu og/eða félagslífi stúdenta. Háskólar skulu hvetja stúdentafélög til virkrar þátttöku innan háskólasamfélagsins og veita þeim stuðning til starfs m.a. í gegnum fjárhagslegan stuðning, rými innan háskólanna sem henta fyrir starfsemi, fundi og viðburði á vegum stúdentafélagana. Leitast skal ávallt til árangursríks samstarfs á milli háskóla og stúdentafélaga þar sem að virkni stúdentafélaga hefur möguleika á að skila sér í auknum gæðum í starfi háskólanna. Stúdentar eru líklegri til þess að njóta sín í námsumhverfi

sem þau hafa sjálf möguleika að hafa áhrif á³. Háskóli sem styður við stúdentafélögin sín fær greiðan launaðan margfalt til baka þar sem stúdentum er ekki aðeins annt um eigin kjör heldur allra sem taka þátt í háskólasamfélaginu.

Samstarf við stúdentafélögin er oft sýnilegt í gegnum viðburði sem haldnir eru yfir skólaárið og þá er mikilvægt að stúdentafulltrúar komi að skipulagningu þeirra.

Samstarf í stjórnslu háskóla

Í stjórnslu háskólanna skiptir höfuðmáli að miðlun upplýsinga sé skilvirk og skýr. Við ákvarðanatöku sem á sér ekki í stað í nefnd eða ráði þar sem stúdentafulltrúi er til staðar er samt sem áður hægt að taka mið af hagsmunum stúdenta með formlegum hætti. Tilkynna skal til stúdenta allar breytingar á starfi innan háskólanna tímanlega og gefa þeim færi á því að spyrja spurninga, koma með athugasemdir eða mótmæla áformum. Ekki er um raunverulegt samráð að ræða ef aðeins stuttur tími gefst til að eiga samtal um fyrirhugaðar breytingar.

- Forðast skal að láta ólíka hagsmuni hafa áhrif á samvinnu og samstarf
- Samráðsgátt fyrir starfsfólk og stúdenta varðandi sérstök málefni
- Reglulegt upplýsingaflæði frá stjórnslu háskóla til stúdenta
- Fulltrúar stúdenta skulu ávallt sitja í stjórn sviðs
- Greitt aðgengi stúdenta að starfsfólki á formlegum grundvelli
- Stúdentum skal boðið á alla opna fundi innan sinnar deildar

Samskipti

Samskipti stúdenta og starfsfólks skulu ávallt vera byggð á gagnkvæmu trausti og virðingu. Háskólar skulu bregðast markvisst við misbresti í samskiptum á milli stúdenta og starfsfólks í gegnum viðeigandi verklag. Verklag af því tagi gætu háskólar útbúið með

³Axelson, Rick D.; Flick, Arend.(2011). Defining Student Engagement. *Change: The Magazine of Higher Learning*, 43 (1), 38-43.
Sótt af <https://eric.ed.gov/?id=EJ911465>

stefnu þessa til hliðsjónar ásamt raunverulegu samstarfi við stúdenta við gerð verklagsins. Þar að auki er mikilvægt að allir hluteigandi aðilar hafi aðgang að sömu upplýsingum og að nægt svigrúm sé fyrir samtal og upplýsta ákvörðunartöku. Upplýsingamiðlun skal vera markviss með einföldum boðleiðum og opnum samræðum.

Tryggja skal skilvirkar boðleiðir á milli stúdenta og starfsfólks háskólanna. Stúdentum og starfsfólki skal gert ljóst um til hvaða aðila innan háskólans skal leita til að hverju sinni. Háskólar skulu tryggja að upplýsingar um starfsemi háskólans séu aðgengilegar öllum stúdentum og starfsfólki, til dæmis á vefsíðum þeirra, og viðtalstímar starfsfólks og opnunartímar skrifstofa skulu vera vel auglýst. Háskólar skulu hvetja stúdenta og starfsfólk til samskipta og samstarfs. Úrræði stúdenta til að koma málefnum á framfæri skulu vera vel auglýst og á færi allra stúdenta. Háskólar skulu hvetja stúdenta til að leggja fram hugmyndir til að bæta nám og kennslu með markvissum leiðum, til dæmis í gegnum kennslukannanir. Þá skal starfsfólk kynna stúdentum niðurstöðurnar og ráðast í viðeigandi úrbætur, sé þess þörf.

Niðurstöður Samstarfskönnunar

Haustið 2020 var könnun send á stúdenta og starfsfólk allra íslenskra háskóla til að skoða viðhorf til nefndarstarfa og -ráða innan háskólans ásamt því að kortleggja hlutverk stúdentafulltrúa. Þegar spurt var út í skilvirkni nefnda töldu svarendur að breytingar komi helst fram eftir umræður innan nefnda ef mál fá góða eftirfylgni og greiðan farveg innan stjórnarsýslunnar. Ef tillögur að breytingum sem ræddar eru á nefndarfundum urðu ekki að veruleika var það t.d. vegna lélegra samskipta, skorts á fjármagni sem og aðgerða- og áhugaleysis stjórnenda eða stjórnvalda. Reynsluminna fólk sem og fólk sem talar ekki íslensku að móðurmáli á erfiðar uppráttar í nefndunum.

Fram komu sjónarmið starfsfólks um að mikilvægt væri að raddir stúdenta heyrðust á efri stjórnstigum, því þátttaka stúdenta í nefndarstörfum hefur reynst öflug leið til að opna samskiptaleiðir og vekja umræður um brýn málefni. Samt sem áður sýna niðurstöður könnunarinnar að oft hefur reynst erfitt að fá stúdenta til að mæta á nefndarfundum.

Stúdentar eru almennt skipaðir skemur í nefndir heldur en starfsfólk og aðeins um helmingur stúdentafulltrúa hefur alltaf atkvæðisrétt á fundum. Svarendur voru flest sammála því að stúdentar ættu að fá boð á alla fundi, en þegar spurt var um atkvæðisrétt stúdenta á fundum þá sagðist meirihluti stúdenta vilja hafa atkvæðisrétt í öllum málum en aðeins rúmlega 40% starfsfólks var sammála því. Þegar spurt var út í greiðslu til stúdenta fyrir nefndarstörf á vegum háskólans kom í ljós að langflestir stúdentafulltrúar fái ekki greitt fyrir setu í nefnd.

Niðurstöður könnunarinnar gefa mynd af því hvað gengur vel en einnig hvað má betur fara í nefndarstörfum háskólanna, sem er eitt dæmi um samstarfsvettvang stúdenta og starfsfólks. Það er greinilegur vilji beggja vegna til samstarfs en víða vantar upp á virka þátttöku stúdenta. Í þessari stefnu leggjum við til að stúdentar fái að njóta vafans og að ekki verði gert ráð fyrir að áhugaleysi sé ástæða þess að þátttöku stúdenta skorti. Það er mikilvægt að háskólarnir beri kennsl á og leysi þær hindranir sem gætu komið í veg fyrir þátttöku stúdenta nefndarstörfum en þar að auki skal skapa menningu innan háskólasamfélagsins sem hvetur til virkni allra þátttakenda.

Framkvæmd

Stefna þessi kemur ekki í stað annarra stefnumótandi skjala heldur er hún hugsuð sem hnitmiðað og notendavænt skjal til að vekja athygli stúdenta og starfsfólks háskóla á leiðum til að efla samstarf sín á milli.

Stefnan er hönnuð til að stuðla að þátttöku stúdenta á meðan þau eru í háskólanámi og hvetja til samstarfs á milli stúdenta og starfsfólks til þess að stuðla að þróun og framförum í háskólasamfélaginu.

Stuðningur við stúdenta er samstarfsverkefni háskólans, stúdentaráðs eða nemendaráðs hvers háskóla fyrir sig en einnig á vegum allra stúdenta. Með samstarfi fá stúdentar tækifæri til að taka þátt í ákvarðanatöku á kennslu, námi og námsmati og stuðla þannig að lærdómsumhverfi sem styrkir rödd stúdenta.

Stefna þessi er grunnurinn að frekara samstarfi á milli stúdenta og háskóla. LÍS vonar að í framtíðinni verði hægt að mynda sameiginlegan samning við háskóla Íslands um samstarf. Það er einnig vilji LÍS að samráð sé haft við stúdenta við gerð mikilvægra stefna á vegum íslenska ríkisins um menntun á háskólastigi.